




AKUREYRARSTOFA



Akureyrarbær

Menningarsjóður Akureyrar styrkir eftirfarandi verkefni árið 2020.




Sólarlög 2020

Nyrstu rafmögnuðu tónleikar Íslandssögunnar, á norðurenda nyrsta byggðarlags á Íslandi: Grímseyjar. Grímsey er einstök en óvarin náttúruperla úti í miðju hafi. Einstök landfræðileg lega eyjunnar gerir það að verkum að á sumarsólstöðum hverfur sólin ekki bakvið nein fjöll og sígur ekki í sæ, heldur tiplar lipurlega eftir sjóndeildarhringnum áður en hún tekur að rísa á ný. Þarna á þessum tíma er hægt að upplifa algjört tímaleysi. Þarna á þessum ætlum við að koma saman og njóta þess að vera til. Ath. tónleikarnir verða með öllu áfengis- og vímuefnalausir.



20 ára afmælistónleikar Kammerkórs Norðurlands og upptaka á hljómdiski

Verkefnið felst í að halda þrenna tónleika á Norðurlandi með lögum við ljóð Davíðs Stefánssonar úr Svörtum fjöðrum. Stærstur hluti laganna hafa verið samin eða útsett fyrir þessa dagskrá eða hafa ekki verið flutt opinberlega áður. Auk þess eru á efnisskránni nokkrar vel þekktar perlur við ljóð Davíðs. Í framhaldi af tónleikahaldi verður efnið tekið upp og gefið út. Stefnt er að upptökum í ágúst næstkomandi og útgáfu fyrir lok árs 2020.




A series of (multilingual) writing workshops in Akureyri

Ós Pressan eru félagasamtök rithöfunda og skálda sem voru stofnuð árið 2015 í Reykjavík. Núna ætlum við að gefa þeim sem búa á Norðurlandi, bæði þeim sem eru fædd í öðru landi og þeim sem fædd eru á Íslandi, tækifæri til að taka þátt í starfsemi Ós Pressunnar. Boðið verður upp á fjórar ritmiðjur sem tengjast þýðingum og skapandi skrifum á ýmsum tungumálum, „Get together and write!“, að skrifa barnabækur og sköpunarverkstæði í náttúrunni. Í lok verkefnisins verður opinn upplestrarviðburður þar sem fólki er gefið tækifæri til að lesa upp texta sem það hefur skrifað í smiðjunum.



Upptaka á orgelplötu

Upptaka á orgelplötu í Akureyrarkirkju í ágúst 2020. Á plötunni verða annarsvegar verk eftir barokktónskáldin Dieterich Buxtehude og hins vegar eftir íslensku tónskáldin Magnús Blöndal Jóhannsson og Gísli Jóhann Grétarsson. Gísli samdi verkið sérstaklega fyrir þetta tilefni en það byggir að hluta á klukkustefi Akureyrarkirkju.



Kraftur Kaldbaks

Verkefni Laumulistasamsteypunnar árið 2020 mun beina sjónum sínum að magnaðri staðsetningu listahópsins í eyjunni. Hrísey er staðsett í Eyjafriði og úr eyinni er frábært útsýni yfir hafið, fjöllin og þorp og bæi í kring. Kaldbakur skipar sérstakan sess í þessu útsýni sem Laumulistasamsteypan fær að njóta á ári hverju í Hrísey en fyrir verkefni samsteypunnar 2020 mun Kaldbakur verða miðpunktur athygli hópsins. Í verkefni Laumulistasamsteypunnar 2020 ætlum við að leita innblásturs í orkustöð Kaldbaks og búa til söguheim í kringum fjallið, orku þess og þeirra áhrifa sem það hefur á umhverfi sitt. Hægt verður að sjá afrakstur verkefnisins á opnum degi í Hrísey í ágúst.



Hugur eins og völundarhús

Mind like a maze eða Hugur eins og völundarhús, er fyrsta smáskífa Einars Óla en þetta verkefni hefur verið hugmynd í dagóðan tíma sem mun nú loksins fá að líta dagsins ljós og endar með hlýjum útgáfutónleikum. Listamaðurinn og ljóðskáldið Einar Óli býður hlustendum í völundarhús innri og ytri heima.



Betur sjá augu – eftirvinnsla

Betur sjá augu er draumkennd stuttmynd með fallegan boðskap. Hún fjallar um andlitslausa einstaklinga og hvernig þeir reyna að mynda tengsl þegar þeir fá augu, eyru og önnur skynfæri. Persónurnar lifa og hrærast í hinni fallegu íslensku náttúru en myndin tekst á við einangrun, tengslamyndun og sammannlegar tilfinningar.



Í leit að töfrum - Tillaga að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland

Fjölradna tónlistar- og myndlistargjörningur við allar 114 greinar nýju íslensku stjórnarskrártillögunnar frá 2011, eftir Libiu Castro & Ólaf Ólafsson í samstarfi við hóp ólíkra tónskálda, innlendra og erlendra, tónlistarfólks, samtaka aðgerðarsinna og almennra borgara. Verkið verður frumflutt í Listasafni Reykjavíkur á Listahátíð í Reykjavík 2020 og sýnt sem vídeóverk í Hafnarborg, Listasafni Akureyrar og víðar.



Afmælisár í tónum

Listvinafélag Akureyrarkirkju heldur upp á 80 ára afmæli Akureyrarkirkju og 25 ára afmæli orgels Akureyrarkirkju með tónleikahaldi mánaðarlega allt árið 2020. Fram kemur fjöldi tónlistarmanna sem flytur fjölbreytta tónlist.



Sögur afa og söngvar langafa

Trío Akureyrar flytur dagskrá í Hrísey undir heitinu Sögur afa og söngvar langafa. Um er að ræða huggulega dagskrá þar sem sagðar eru sögur frá Hreini Hreinssyni sjómanni frá Hrísey og sungnir söngvar sem m.a. pabbi hans, Hreinn Pálsson, flutti svo yndislega.



Ópera-söngleikur: Vatnsenda-Rósa

Ópera-Söngleikur í léttum dúr um ævi Rósu Guðmundsdóttur (Skáld-Rósu) við lausavísur hennar og ljóð samfléttað þekktum íslenskum þjóðlögum og nýjum frumsömdum lögum í ýmsum stílbrigðum ásamt millispili, bakgrunnstónlist, forleik og lokakafla. Sérstaða þessa verkefnis er að söguviðið er að stórum hluta á Norðurlandi og fléttast saman við sögu Agnesar Magnúsdóttur sem var í tygjum við Natan Ketilsson sem í framhaldinu sleit sambandi sínu við Rósu. Agnes og Friðrik drápu síðan Natan á heimili sínu að Illugastöðum væntanlega af afbrýði, hatri og særðu stolti sem leiddi síðan til síðustu aftöku á Íslandi við Þrístapa í Húnavatnssýslu.



Alþjóðlegt eldhús

Alþjóðlegt eldhús er samfélagsverkefni sem er til þess fallið að styrkja samskipti milli Íslendinga og innflytjenda á Akureyri. Innflytjendur frá meira en tuttugu löndum sem búsettir eru á Akureyri elda þjóðlega rétti frá sínu heimalandi að eigin vali og kynna það og gestir fá að smakka. Í ár verður Alþjóða eldhúsið haldið 14. nóvember í Ketilhúsinu.



Konsert (Sinfónía) f. Morse-tæki og sinfóníuhljómsveit

Konsert sem flutt verður af Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, SinfNord, í október. Einleikari á Morsetæki Arngrím Jóhannsson. Sinfónían er í 5 þáttum og í flutningnum sjálfum verður mikil áhersla lögð á sviðslýsingu og sviðsumgjörð til þjóna merkingu og hlutverki sinfóníunnar, þar sem ljós og myrkur, björgun neyð og að lokum ljósið, fegurðin og friðurinn sigrar myrkraöflin. Sinfónían tekur um 40 mínútur í flutningi. Að loknu hléi er svo fyrirhugaður flutningur á Fimmtu sinfóníu Beethovens, Örlagasinfóníunni sem hefst á mjög mors-vænu stafi ...__ .



Skynverur

Skynverur er dans- hljóðverk sem kannar samspil hreyfinga og hljóðs í rauntíma. Með hjálp vélrænna skynjara eiga miðlarnir í beinu samtali við hvorn annan og er þar með brotið upp á hið hefðbundna form að dansari fylgi tónlistinni. Höfundar og flytjendur eru systkinin Urður Steinunn Önnudóttir Sahr og Áki Sebastian Frostason.




ZHdK Strings í Hofi

Strengjasveitin ZHdK Strings ásamt Sólveigu Steinþórsdóttur, Ísak Ríkharðssyni og Þóru Kristínu Gunnarsdóttur heldur tónleika í Hömrum í Hofi 2. nóvember. Strengjasveitin er skipuð nokkrum af bestu nemendum Tónlistarháskólans í Zürich í Sviss. Stofnandi hennar og listrænn stjórnandi er Rudolf Koelman, fyrrum konsertmeistari Concertgebouw hljómsveitarinnar í Amsterdam og einn af síðustu nemendum hins goðsagnakennda Jascha Heifetz.



Islandsfärger

Níu listamenn frá Akureyri munu sýna verk sín í Hälleforsnäs í Svíþjóð í haust á sýningu sem ber heitið Islandsfärger. Sýningin er hluti af samvinnuverkefni Gilfélagsins og sænskra listamanna sem skiptast á sýningum og fræðslu á Akureyri og í Svíþjóð. Listafólkið starfar á breiðu sviði sjónlista en á meðal verka á sýningunni verða tví- og þrívíð textíilverk, málverk, grafík, lágmyndir og bókverk.



Tilraunastofa í listum

Myndlistarfélagið og Gilfélagið taka nú höndum saman og efna til tilraunastofa í listum í Deiglnni. Haldnir verða 8 viðburðir á tímabilinu maí-ágúst 2020 þar sem boðið er upp á fjórar tilraunastofur, hver í 2 skipti. Um er að ræða módelteiknun/ málun, myndbandatilraunir, textílvinnu og sammálun. Á vinnustofunum gefst þátttakendum kostur á að kynnst ýmsum miðlum og gera eigin tilraunir, deila reynslu og hugmyndum sín á milli.



Hjartanáring

Hjartanáring um sumarsólstöður í Grímsey, Hrísey og á Akureyri. Kakó og möntrustund þar sem lög eftir Arnbjörgu Kristínu Konráðsdóttir, Fanney Kristjáns Snjólaugardóttir og Hörpu Barkardóttur verða flutt ásamt hefðbundnum möntrum. Sumarsólstöður eru hápunktur náttúrulegar hringrásar og því kjörið að koma saman og njóta náttúrunnar og samveru. Ef aðstæður leyfa kemur Tanya Divine frá Kanada og spilar á didgeridoo í hluta dagkrárinna.



HEIMA / HOME

Ljósmyndahópurinn ÁLFkonur kynnir verkefnið HEIMA / HOME í samvinnu við hóp ljósmyndara í Skotlandi. Við skoðum það sem íbúar við sjávarsíðuna í tveimur löndum eiga sameiginlegt og berum saman sérstöðu í menningu, landslagi og öðrum þáttum daglegs lífs á hvorum stað. Afraksturinn verður settur upp á tveimur sýningum samhliða, bæði hér á Akureyri og í Edinborg.



Sirkussmakk á Akureyri 2020

Verkefnið Sirkussmakk er hluti af Listasumri 2020. Verkefnið gengur út á það að gefa Akureyringum tækifæri til að spreyta sig á grunnstoðum sirkuslistanna í fjórum sirkusmiðjum. Viðfangsefnið verða jafnvægislistir, húllahopp, djögg og akró.



Vídeólistahátíðin heim

Vídeólistahátíðin heim hefur farið fram á heimili Örnú Valsdóttur frá hausti 2015 í gjöfulu samstarfi við A! Gjörningahátíð. Haustið 2020 býður Arna þeim Carlos Sebastía (Spánn) og Þóru Sólveigu Bergsteinsdóttur (Eyjafjarðarsveit) heim.



Draumur á Jónsmessunótt

Miðnætturtónleikar í Akureyrarkirkju. Einstaklega hátíðleg stund þar sem bæjarbúar geta notið fallegra tóna úr kirkjunni sinni í miðnætursólinni á Jónsmessuhátíð Akureyrarbæjar í lok júní 2020.



Ljósberi

Ljósberi er heimildapáttur þar sem ljósmæður og þeirra mikilvægu störf þá og nú eru skoðuð. Ljósmóðirin Ása Marinósdóttir verður í forgrunni en hún starfaði frá 1953 til 2002.



Astrid Maria Stefánsdóttir

Sumarstyrkur ungra listamanna
júní-ágúst

Markmið stuðningsins er að gera styrkhafa kleift að takmarka vinnu sína með námi og leggja meiri áherslu á að iðka list sína og koma fram á sumarhátíðum bæjarins.



Stefán Elí Hauksson

Sumarstyrkur ungra listamanna
júní-ágúst

Markmið stuðningsins er að gera styrkhafa kleift að takmarka vinnu sína með námi og leggja meiri áherslu á að iðka list sína og koma fram á sumarhátíðum bæjarins.



Opinn dagur í Gúlaginu

Samstarfssamningur
2020-2021

Tónlistarhátíð sem haldin hefur verið síðla sumars á Oddeyri á Akureyri síðan árið 2018. Hátíðin er lítil í sniðum en þar hafa komið fram margir af betri grasrótartónlistarmönnum Akureyrar. Áhersla er lögð á frumsköpun, að fá atriði úr nærsveitum og að hátíðin vaxi hægt og örugglega. Framtíðarmarkmiðin snúa að því að skapa hefð fyrir tónlistarhátíð að sumri á Akureyri sem gerir ungu og upprennandi tónlistarfólki hátt undir höfði. Eitt af helstu kennimerkjum Opins dags í Gúlaginu hefur verið fjölbreytni tónlistarstefna og verður því haldið áfram að blanda saman ólíkum stefnum tónlistar á sama stað til að undirstrika fjölbreytileika mannlífsins norðan heiða.



Menningarfélagið Arctic Opera

Samstarfssamningur
2020-2022

Arctic Opera samanstendur að klassískt menntuðum söngvurum sem hafa reglulega tónleika með klassískum söng á norðurlandi. m.a. Íslensk sönglög, ljóð, söngleikjalög og óperuverk.



Dansfélagið Vefarinn

Samstarfssamningur
2020-2022

Megintilgangur og markmið Dansfélagsins Vefarans er að sýna íslenska þjóðdansa og aðra sýningardansa. Einnig vill félagið vekja áhuga almennings á innlendum og erlendum þjóðdönsum, stuðla að kennslu þeirra og útbreiðslu. Vefarar halda í hefðirnar því sérstaða íslensku þjóðdansanna er að dansarar syngja gjarnan um leið og dansað er. Markmiðið er að kynna þjóðlög, þjóðdansa og þjóðbúninga með sýningum og öðrum viðburðum og með því stuðla að aukinni þekkingu almennings á menningararfi þjóðarinnar.